

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1944****2022/EES/20/13****frá 13. júní 2017**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda í tengslum við tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (1), einkum sjöttu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (2), einkum 9. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt þykir að setja fram sameiginleg stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur til að tryggja að lögbær yfirvöld aðildarríkja leggi rétt mat á tilkynningar um fyrirhuguð kaup og aukningu á virkum eignarhlutum í verðbréfafyrirtæki. Í þeim tilvikum ættu viðkomandi lögbær yfirvöld að hafa samráð og veita hvert öðru allar mikilvægar og viðeigandi upplýsingar.
- 2) Til að auðvelda samstarf milli þeirra og tryggja skilvirkni við upplýsingaskipti, ættu lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 48. gr. tilskipunar 2004/39/EB að skipa tengilið sérstaklega vegna samráðsferlisins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB og ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) að hafa miðlægan lista yfir þessa tengiliði.
- 3) Koma ætti á samráðsferli sem felur í sér skýrar tímatakmarkanir til að tryggja tímanlega og skilvirka samvinnu á milli lögbærra yfirvalda. Skýrt samráðsferli ætti að fela í sér að yfirvaldið sem leggur fram beiðni sendir bráðabirgða-tilkynningu til yfirvaldsins sem beiðninni er beint til, til að upplýsa yfirvaldið sem beiðninni er beint til um yfirstandandi mat.
- 4) Verklagsreglurnar ættu einnig að miðast við að tryggja að lögbær yfirvöld starfi saman að lagfæringu á ferlinu með því að stuðla að endurgjöf um gæði og mikilvægi upplýsinganna sem móttekna eru.
- 5) Öll skipti eða sending upplýsinga milli lögbærra yfirvalda, annarra yfirvalda, aðila eða einstaklinga ættu að vera í samræmi við reglur um persónuupplýsingar eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (3).
- 6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 (4) gildir um vinnslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum við beitingu þessarar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 276, 26.10.2017, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjútíð. ESB L 145, 30.4. 2004, bls. 1.

(2) Stjútíð. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 349.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjútíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjútíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð né greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning af að taka upp stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda, þar sem það var ekki talið í samræmi við umfang og áhrif þeirra.
- 9) Tilskipun 2014/65/ESB öðlaðist gildi 2. júlí 2014. Ákvæði 9. mgr. 12. gr. tilskipunar 2014/65/ESB koma í stað 8. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB og innihalda valdheimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að þróa tæknilega framkvæmdarstaðla sem samsvara þeim sem kveðið er á um skv. 8. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB. Enn fremur er efni ákvæða 4. mgr. 10. gr. b og 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB einnig samsvarandi efni ákvæða 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 11. tilskipunar 2014/65/ESB. Í samræmi við 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2014/65/ESB verður tilskipun 2004/39/EB felld úr gildi frá og með 3. janúar 2017. Samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á tæknilegu stöðlunum í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB ætti einnig að teljast vera í samræmi við 8. mgr. 12. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, með þeim afleiðingum að tæknilegu staðlarnir gilda áfram eftir 3. janúar 2018 án þess þörf sé á frekari breytingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir upplýsingaskipti meðan á samráðsferli stendur milli lögbærs yfirvalds fyrirtækisins sem kaup eru fyrirhuguð í („yfirvaldið sem leggur fram beiðni“) og lögbærs yfirvalds fyrirhugaðs eiganda eða fyrirtækis með starfsleyfi sem annaðhvort er dótturfélag eða undir yfirráðum fyrirhugaðs eiganda („yfirvaldið sem beiðni er beint til“).

2. gr.

Skipaðir tengiliðir

1. Lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 48. gr. tilskipunar 2004/39/EB skulu skipa tengiliði til að sinna samskiptum í tengslum við þessa reglugerð og skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þessa aðila.
2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda og uppfæra listann yfir skipaða tengiliði til nota fyrir lögbæru yfirvöldin eins og um getur í 1. mgr.

3. gr.

Bráðabirgðatilkynning

1. Yfirvald sem leggur fram beiðni skal senda bráðabirgðatilkynningu til yfirvaldsins sem beiðninni er beint til innan þriggja virkra daga frá móttöku tilkynningar frá fyrirhugaða eigandanum í samræmi við 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
2. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda bráðabirgðatilkynninguna með því að fylla út sniðmátið sem sett er fram í I. viðauka og setja inn allar upplýsingar sem þar eru settar fram.

4. gr.

Samráðstilkynning

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynningu til yfirvaldsins sem beiðni er beint til eins fljótt og mögulegt er eftir móttöku tilkynningar frá fyrirhugaða eigandanum í samræmi við 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB og eigi síðar en 20 virkum dögum eftir móttöku slíkrar tilkynningar.

2. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynninguna sem um getur í 1. mgr. skriflega með pósti, símbréfi eða tryggum rafrænum aðferðum, og stíla hana á skipaðan tengilið yfirvaldsins sem beiðninni er beint til nema annað sé tekið sérstaklega fram af yfirvaldinu sem beiðninni er beint til í svari þess við bráðabirgðatilkynningunni sem um getur í 3. gr.

3. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynninguna sem um getur í 1. mgr. með því að fylla út sniðmátið sem sett er fram í II. viðauka, tilgreina einkum atriði sem varða þagnarskyldu um upplýsingar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni kann að fá í hendur og tilgreina þau atriði í viðkomandi upplýsingum sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni biður um frá yfirvaldinu sem beiðninni er beint til.

5. gr.

Staðfesting á móttöku samráðstilkynningar

Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal senda staðfestingu á móttöku samráðstilkynningar innan tveggja virkra daga frá móttöku hennar, þ.m.t. allar viðbótarsamskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar þess og, ef mögulegt er, áætlaðan svardag.

6. gr.

Svar frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

1. Svar við samráðstilkynningu skal vera skriflegt, sent með pósti, símbréfi eða tryggum rafrænum aðferðum. Það skal stílað á skipaða tengiliðinn nema yfirvaldið sem leggur fram beiðni tilgreini annað.

2. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en 20 virkum dögum eftir móttöku samráðstilkynningarinnar veita yfirvaldinu sem leggur fram beiðni eftirfarandi upplýsingar:

a) viðkomandi upplýsingar sem óskað er eftir í samráðstilkynningunni, þ.m.t. um hvers konar sjónarmið eða fyrirvara í tengslum við kaup fyrirhugaðs eiganda,

b) allar aðrar mikilvægar upplýsingar sem geta haft áhrif á matið, að eigin frumkvæði.

3. Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til getur ekki svarað innan tímafrestsins sem settur eru fram í 2. mgr. skal það upplýsa yfirvaldið sem leggur fram beiðnina um það og tilgreina ástæður tafarinnar og áætlaðan svardag. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal reglulega veita endurgjöf um framvinduna við að útvega umbeðnar upplýsingar.

4. Við upplýsingagjöf í samræmi við 2. mgr. skal yfirvaldið sem beiðni er beint til nota sniðmátið sem sett er fram í III. viðauka.

7. gr.

Verklagsreglur um samráð

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til skulu nota fljótverkustu aðferðirnar af þeim sem settar eru fram í 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 6. gr. til að eiga samskipti í tengslum við samráðstilkynningu og svarið við henni, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þagnarskyldu, samskiptatíma, magns upplýsinganna sem þarf að miðla og aðgengileika upplýsinganna fyrir yfirvaldið sem leggur fram beiðnina. Yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skal bregðast skjótt við öllum óskum yfirvaldsins sem beiðninni er beint til um útskýringar.

2. Ef umbeðnar upplýsingar eru eða gætu verið hjá yfirvaldi í sama aðildarríki, öðru en yfirvaldinu sem beiðninni er beint til, skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til safna upplýsingunum með skjóttum hætti og senda þær til yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina í samræmi við 6. gr.

3. Yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skulu vinna saman að lausn hvers kyns vandkvæða sem komið geta upp við afgreiðslu á beiðni, þ.m.t. leysa úr öllum málum er varða kostnað, ef kostnaðurinn við að veita aðstoð er metinn óhóflegur fyrir yfirvaldið sem beiðninni er beint til.

4. Komi fram nýjar upplýsingar eða nánari upplýsinga gerist þörf á matstímabilinu skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðninni er beint til vinna saman til að tryggja að skipst sé á öllum viðbótarupplýsingum sem máli skipta í samræmi við þessa reglugerð.
5. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. er heimilt að skiptast á upplýsingum munnlega innan síðustu 15 virkra daga fyrir lok matstímabilsins sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB. Í þeim tilvikum skulu þær upplýsingar í kjölfarið staðfestar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. nema lögbæru yfiröldin sem í hlut eiga komi sér saman um annað.
6. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skulu veita hvort öðru endurgjöf um niðurstöðu matsins sem samráðið snerist um og, eftir því sem við á, um gagnsemi upplýsinga eða annarrar móttækinnar aðstoðar eða hver þau vandamál sem upp koma við að veita slíka aðstoð eða upplýsingar.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Sniðmát bráðabirgðatilkynningar

(Ákvæði 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1944)

Bráðabirgðatilkynning

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Sæl/Sæll [færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1944 frá 13. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda í tengslum við tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB er hér með send bráðabirgðatilkynning í tengslum við þau mál sem nánar er greint frá hér að neðan.

Upplýsingar um fyrirhuguð kaup

Auðkenni fyrirhugaðs eiganda:

.....
.....

[Sé um að ræða einstaklinga skal tiltaka upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1946 frá 11. júlí 2017 um viðbætur við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2017/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæmandi lista yfir upplýsingar sem fyrirhugaðir eigendur láta fylgja með í tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki; sé um að ræða lögaðila skal tiltaka upplýsingarnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1946.]

Nafn viðkomandi aðila (eins eða fleiri) með starfsleyfi í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðninni er beint til og tengsl við fyrirhugaðan eiganda:

.....
.....
.....

[Ef fyrirhugaður eigandi er aðili með starfsleyfi eins og um getur í a-lið 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/ESB nægir að gefa upp nafn fyrirhugaðs eiganda. Ef fyrirhugaður eigandi fellur undir einn af flokkunum sem skilgreindir eru í b- eða c-lið 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/ESB er einnig nauðsynlegt að útskýra tengsl fyrirhugaða eigandans við viðkomandi aðila með starfsleyfi sem er með staðfestu í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðninni er beint til.]

Deili á fyrirtækinu sem kaup eru fyrirhuguð í:

.....
.....
.....

[*Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í a-lið 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1946 frá 11. júlí 2017 um viðbætur við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæmandi lista yfir upplýsingar sem fyrirhugaðir eigendur láta fylgja með í tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki*]

Stærð núverandi og fyrirhugaðs eignarhlutar fyrirhugaðs eiganda í fyrirtækinu sem kaup eru fyrirhuguð í:

.....
.....
.....

[*Færa skal inn upplýsingarnar sem um getur í i., ii. og iii. lið c-liðar 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1946 frá 11. júlí 2017 um viðbætur við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæmandi lista yfir upplýsingar sem fyrirhugaðir eigendur láta fylgja með í tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki*]

Bent er á að matsferlinu (*) lýkur hinn [bæta skal við dagsetningu]. Við munum einnig senda samráðstilkynningu, sem mun innihalda allar mikilvægar upplýsingar um fyrirhuguð kaup og allar viðkomandi upplýsingar sem við óskum eftir. Sé ykkur hins vegar kunnugt í millitíðinni um einhverjar mikilvægar upplýsingar í tengslum við kaupin, eða hafið einhver sjónarmið eða viljið gera fyrirvara, væri gott ef þið gætuð veitt okkur þær upplýsingar við fyrsta tækítæri og í síðasta lagi innan 20 virkra daga frá móttöku samráðstilkynningarinnar sem mun fylgja í kjölfar þessarar bráðabirgðatilkynningar.

(*) samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB.

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

II. VIÐAUKI

Sniðmát samráðstilkynningar

(Ákvæði 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1944)

Samráðstilkynning

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Sæl/Sæll [færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1944 frá 13. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda í tengslum við tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB er hér með send samráðstilkynning í tengslum við þau mál sem nánar er greint frá hér að neðan.

Bent er á að matsferlinu (*) muni ljúka hinn [setja skal inn dagsetningu] og yrðum við þakklát ef þið gætuð veitt umbeðnar upplýsingar og allar aðrar upplýsingar sem skipta máli og sem eru mikilvægar í síðasta lagi [20 virkum dögum frá móttöku þessa bréfs] eða, ef því verður ekki við komið, tilgreiningu á því hvenær þið gerið ráð fyrir að vera í aðstöðu til að veita aðstoðina sem óskað er eftir, að teknu tilliti til ofangreindra tímamarka matsferlisins.

(*) samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB.

Upplýsingar um fyrirhuguð kaup

Efni.....

[tilgreina skal þær upplýsingar hér eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda upplýsingarnar]

Atriði er varða fyrirhuguð kaup

[tilgreina skal þær upplýsingar hér eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda upplýsingarnar]

Atriði er varða önnur yfirvöld sem koma að málinu

[tilgreina skal þær upplýsingar hér eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda upplýsingarnar]

Með vísan til

[ef við á skal færa inn upplýsingar um fyrri beiðni svo unnt sé að bera kennsl á hana]

Tegund umbeðinnar aðstoðar

Upplýsingar sem óskað er eftir [ef einhverjar eru]:

.....

[færa skal inn ítarlega lýsingu á þeim tilteknu upplýsingum sem óskað er eftir, þ.m.t. öllum viðkomandi skjölum sem beðið er um, og ástæður þess að þær upplýsingar séu gagnlegar. Dæmi:

- hlutafaskipan fyrirhugaðs eiganda eða viðkomandi fyrirtækis með starfsleyfi, og megineinkenni hluthafa hans/þess,
- nýjasta mat á hæfi (hæfni og heiðarleika) fyrirhugaðs eiganda eða viðkomandi fyrirtækis með starfsleyfi,
- nýjasta mat á fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs eiganda eða viðkomandi fyrirtækis með starfsleyfi, með tengdum áritunum opinberra eða ytri endurskoðenda (ef við á),
- nýjasta mat yfirvaldsins sem beiðninni er beint til á gæðum stjórnskipulags fyrirhugaða eigandans eða viðkomandi fyrirtækis með starfsleyfi, og stjórnunar- og reikningsskilaaðferðum hans, innri eftirlitskerfum, stjórnarháttum, samstæðuskipulagi o.s.frv.]

Viðbótarupplýsingar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni veitir.

.....

[hvort yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hafi verið eða verði í sambandi við annað yfirvald eða löggæslustofnun í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðninni er beint til í tengslum við efni beiðninnar eða við annað yfirvald sem yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina er kunnugt um að eigi virkra hagsmuna að gæta varðandi efni beiðninnar]

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

III. VIÐAUKI

Sniðmát svars frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

(Ákvæði 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1944)

Svar frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

	Tilvísunarnúmer:
	Dagsetning:.....
Almennar upplýsingar	
FRÁ:	
Aðildarríki:	
Yfirvald sem beiðni er beint til:	
Lögheimili:	
(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)	
Nafn:	
Sími:	
Tölvupóstfang:	
TIL:	
Aðildarríki:	
Yfirvald sem leggur fram beiðni:	
Lögheimili:	
(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)	
Nafn:	
Sími:	
Tölvupóstfang:	
Sæl/Sæll [færa skal inn viðkomandi nafn]	
Í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1944 frá 13. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda í tengslum við tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB höfum við afgreitt samráðstilkynningu þína dags. [dd.mm.áááá] með tilvísunarnúmerið [færið inn tilvísunarnúmer].	
Ef við á skal útskýra allar efasemdir sem þið hafið í tengslum við þær tilteknu upplýsingar sem beiðni er um eða í tengslum við aðra þætti þessa mats:	
.....	
.....	
.....	
.....	

Ef umbeðnum upplýsingum hefur verið safnað skal tilgreina þær upplýsingar hér eða útskýra hvernig þær verða veittar, eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda umbeðnu upplýsingarnar:

.....
.....
.....

Sé um að ræða aðrar upplýsingar sem máli skipta eða eru mikilvægar skal veita þær hér eða útskýra hvernig þær verða veittar, eða vísa til viðkomandi viðauka sem hafa að geyma þær upplýsingar:

.....
.....
.....

Veita skal allar mikilvægar upplýsingar, að eigin frumkvæði, sem gætu haft veruleg áhrif á matið, s.s. samstæðuskipulag eða nýjasta mat á fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs eiganda eða viðkomandi fyrirtækis með starfsleyfi.

.....
.....
.....

Virðingarfyllt,

[undirskrift]